

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 536/97

frá 17. mars 1997

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins með tilliti til vínfræðilegra vinnsluáferða og vinnslu(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (1), einkum 4. mgr. 26. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tiltekin aðildarríki hafa, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87, heimilað að teknar verði upp í tilraunaskyni vínfræðilegar vinnsluáferðir sem ekki er kveðið á um í þeirri reglugerð. Niðurstöður þessa benda til þess að áferðirnar bæti vínframleiðslu og varðveislu vörunnar án heilsufarslegrar áhættu fyrir neytendur. Þar til bær alþjóðleg yfirvöld hafa viðurkennt og leyft flestar þessara áferða. Af þeim sökum ætti að gera ráðstafanir til að veita varanlegt leyfi fyrir þeim alls staðar í bandalaginu eftir að ströng skilyrði hafa verið sett um notkun þeirra. Því ber að breyta VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 822/87 til samræmis við þetta.

Leiðréttá þarf ónákvæmni sem hefur komið í ljós í tilvísunum í tilteknar vínfræðilegar vinnsluáferðir.

Hugtakið „Milchbakterien“ í q-lið 1. liðar og z-lið 3. liðar VI. viðauka í þýskri útgáfu reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er rangt og ber að setja „Milchsäurebakterien“ í stað þess.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 (2) eru ákvæði um litarefni í matvælum. Það skal tekið sérstaklega fram að í þessari reglugerð vísar hugtakið „karamel“ einungis til afurðar sem er notuð til litunar samkvæmt skilgreiningu í tilskipuninni. Þó er hugsanlegt að tilteknir framleiðendur hafi eftir þann dag er ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 4250/88 (3) um breytingu á þessum lið í reglugerð (EBE) nr. 822/87 öðluðust

gildi notað til litunar sætt bragðbætandi efni sem fæst við hitun sykurs. Einnig skal heimilt að nota þessa afurð á tímabilinu frá framangreindri dagsetningu fram að gildistökuþegi þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 822/87:

1. Í 1. mgr.:
 - a) komi eftirfarandi í stað a-liðar:

„a) loftblöndun eða að viðbættu súrefni;“
 - b) komi „Milchsäurebakterien“ í stað hugtaksins „Milchbakterien“ í q-lið þýsku útgáfunnar.
2. Í 3. mgr.:
 - a) komi „Milchsäurebakterien“ í stað hugtaksins „Milchbakterien“ í z-lið þýsku útgáfunnar;
 - b) komi eftirfarandi í stað za-liðar:

„za) til viðbótar karamel, í skilningi tilskipunar 94/36/EB, í því skyni að dekkja lit vínlikjöra og gæðavínlikjöra fth.“
3. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Vínfræðilegar vinnsluáferðir og vinnsla afurða sem um getur í upphafsmálslið 3. mgr. en má einungis nota við þau skilyrði sem eru ákvörðuð samkvæmt málsmeðferðinni í 83. gr.:

 - a) viðbót súrefnis;
 - b) rafskiljun til að tryggja stöðugleika vínsins með tilliti til vínsýrumagns;
 - c) notkun úreasa til að draga úr magni þvagefnis í víni.“

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 83, 25.3.1997, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/98 frá 17. júlí 1998 um breytingu á bókun 47 við EES-samningnum afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1592/96 (Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 31).

(2) Stjtið. EB nr. L 237, 10. 9. 1994, bls. 13.

(3) Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1988, bls. 59.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. september 1989 fram að gildistöku þessarar reglugerðar skulu þau viðbótarefni, sem um getur í 2. athugasemd í I. viðauka tilskipunar 94/36/EB og eru notuð í því skyni að dekkja lit vínlikjöra og gæðavínlikjöra fih, teljast leyfileg í skilningi za-liðar 3. mgr. VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 822/87.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 2. gr. gildir þó frá 1. september 1989.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

J. VAN AARTSEN

forseti.